

HVAÐ ER AÐ GERAST UM

FÉLAGSLÍF

Festi:

Tvímenningsmeistaramót í pílukasti

Íslenska pílukastfélagið efir til BÓSÓ — Tvímenningsmeistarámóts í pílukasti í félagsheimilinu Festi í Grindavík á laugardag kl. 13-18 og sunnudag kl. 13-17.

Þetta er eitt fjölmennasta pílukastsmót sem haldið hefur veirð hingað til og eru fyrstu verðlaun 15.000 krónur auk bikars/metaliur.

Kristilegt félag heilbrigðisstétta:

Fundur í safnaðarheimili Laugarneskirkju

Fundur verður í safnaðarheimili Laugarneskirkju mánudaginn 16. mars kl. 20.30. Efni fundarins er lofgjörð og vitnisburðir. Söngur verður í höndum Ragnheiðar Hörpu Arnardóttur, Laufey Geirlaugsdóttur, og Margrétar Jóhannesdóttur. Hugleiðing: Guðrún Kristjánsdóttir, lektor. Kaffiveitingar. Allir velkomnir. Málfréyjudeildin Ýr:

Kynningarfundur

Málfréyjudeildin Ýr heldur kynningarfund á mánudaginn 17. mars kl. 20.30.

Kvenréttindafélag Íslands:

Aðalfundur

Aðalfundur Kvenréttindafélags Íslands verður haldinn að Hallveigarstöðum mánudaginn 16. mars kl. 17. Félagsmenn eru beðnir um að fjölmenna.

MÍR:

Síberíuhraðlestin sýnd á sunnudag

Á sunnudaginn kl. 15 verður sovéska kvikmyndin „Síberíuhraðlestin sýnd í bíósal MÍR að Vatnsstíg 10. Í myndinni er sagt frá atburðum sem gerðust á árinu 1927, 10 árum eftir Októberbyltinguna í Rússlandi. Japanski iðnjöfurinn Saito er að leggja upp í ferð til Moskvu til að ganga frá viðskiptasamningi, því að hann telur vænlegra að versla við Sovétmenn en að eiga í stríði við þá. Japanska leyniþjónustan undirbýr launráð. Ætlunin er að myrða Saito í svefnklefa hans í Síberíuhraðlestinni og láta svo líta út sem Sovétmenn hafi verið þar að verki.

Fríkirkjusöfnuðurinn:

Spila- og skemmtikvöld

Spila- og skemmtikvöld verður haldið í Oddfellowhúsinu á sunnudaginn kl. 20. Safnaðarfolk er hvatt til þess að fjölmenna og taka með sér gesti.

Hótel Örk:

Hlaðborð, sund og sauna

„Brunch“ að amerískum sið á Hótel Örk á sunnudögum milli kl. 12 og 15. Orðið „Brunch“ samanstendur af ensku orðunum breakfast og lunch sem þýða morgunverður og hádegisverður. Hér er um að ræða hlaðborð með köldum og heitum réttum, s.s. stórsteikum, sild, eggjum, beikoni og ávöxtum. Matargestir fá frítt í sundlaug og sauna. Helmingi af sláttur er fyrir börn undir 12 ára aldri. Fastar áætlunarferðir eru farnar frá Umferðamiðstöðinni til Hveragerðis.

SÖFN

Póst- og síma-minjasafnið:

Opið á sunnudögum og þriðjudögum

Póst- og símamálastofnunin hefur opnað safn, Póst- og síma-minjasafnið, í gömlu símsstöðinni að Austurgötu 11 í Hafnarfirði. Þar getur að líta safn fjölbreytilegra muna og tækja er tengjast pósti og símaþjónustu á Íslandi. Fyrst um sinn verður safnið opið á sunnudögum og þriðjudögum kl. 15-18. Aðgangur er ókeypis. Þeir sem vilja skoða safnið utan opnunartíma hafi samband við safnvörð í síma 54321.

Þjóðminjasafn Íslands:

Opið fjóra daga vikunnar

Þjóðminjasafn Íslands er opið laugardaga, sunnudaga, þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 13.30 til 16.00.

Þjóðminjasafn Íslands:

Vaxmyndasýning í Bogasal

Laugardaginn 31. jan. var opnað í Bogasal Þjóðminjasafnsins sýning á 32 vaxmyndum af þekktum mönnum, íslenskum og erlendum. Vaxmyndasafn þetta gáfu Óskar Halldórsson útgerðarmaður og börn hans íslenska ríkinu til minningar um ungan son og bróður, Óskar Theodór, sem fórst með línuveiðar- anum Jarlinum árið 1941.

Vaxmyndirnar verða til sýnis á venjulegum opnunartíma Þjóðminjasafnsins, aðgangseyrir er kr. 50, en ókeypis fyrir börn og ellilífeyrisþega.

Árbæjarsafn:

Opið eftir samkomulagi

Enginn fastur opnunartími er yfir veturinn en safnið er opið eftir samkomulagi. Síminn er 84412.

Sjóminjasafnið:

Síðustu sýningar á gufuskipatímabilinu

Sjóminjasafn Íslands auglýsir síðustu sýningar á gufuskipatímabilinu helgina 14.-15. mars.

Eftir það verður safnið lokað vegna breytinga þangað til í byrjun júní.

Þá verður opnað aftur með sýn-

ingu um íslenska árabátinn og byggir sú sýning á bókum Lúðvíks Kristjánssonar „Íslenskum sjávarhátum“. Til sýnis verða kort og myndir úr bókinni auk veiðarfæra, líkana o.fl..

Listasafn Einars Jónssonar:

Safn og garður

Listasafn Einars Jónssonar er opið alla laugardaga og sunnudaga kl. 13.30 til 16. Höggmyndagarðurinn er opinn daglega frá kl. 11 til 17.

Ásgrímssafn:

Opið sunnudaga, þriðjudaga og fimmtudaga

Ásgrímssafn er opið sunnudaga, þriðjudaga og fimmtudaga milli kl. 13.30 og 16.

MYNDLIST

Norræna húsið:

Norræn ljósmynda-sýning

Í anddyri Norræna hússins hefur verið opnað sýning sem ber heitið Norrænar ljósmyndir 85. Á sýningunni er úrval mynda eftir ljósmyndara frá Íslandi, Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

Markmiðið með sýningunni er að sýna listræna ljósmyndun frá sem flestum sjónarhornum og að styrkja stöðu ljósmyndalistarinnar með tilliti til annara greina myndlistarinnar.

Frumkvæðið að sýningunni átti Finn Thrane, forstöðumaður Ljósmyndasafnsins, sem hefur aðsetur í nýrri listamiðstöð í Óðinsvéum en hún var opnað 1. janúar sl.. Myndirnar á sýninguna voru valdar af Gert Gamund, en hann ferðaðist ásamt Ester Nyholm um Norðurlönd og völdu þau ljósmyndir eftir 58 ljósmyndara. Afkrasturinn var um 350 ljósmyndir, en á sýningunni í Norræna húsinu verður ekki nema brot af þeim, 57 myndir.

Íslendingarnir sem eiga myndir á sýningunni eru Guðmundur Ingólfsson, Ólafur Lárusson, Jóhanna Ólafsdóttir, Valdis Óskarsdóttir, Sigurgeir Sigurjónsson, Jim Smart og Páll Stefánsson.

Sýningin verður opin á opnunartíma hússins kl. 9-19 alla daga nema sunnudaga kl. 12-19 til 23. mars.

Ingólfsbrunnur:

Nikulás Sigfússon sýnir

Nú stendur yfir sýning á vatnslita-myndum eftir Nikulás Sigfússon í Ingólfsbrunni, Aðalstræti 9. Sýningin er opin 9-18 virka daga.

Gallerí Grjót:

Sverrir Ólafsson sýnir

Sverrir Ólafsson heldur einkasýningu í Gallerí Grjót, Skólavörðustíg 4a. Hann sýnir skúlptúra og andlitsgrímur unnar í málma.

Sýningin er opin alla virka daga

kl 12-18 og kl. 14-18 um helgar. Sýningin stendur út mánuðinn.

Kjarvalsstaðir:

Tvíæringur FÍM

Samsýning Félags íslenskra myndlistarmanna verður haldin í austursal Kjarvalsstaða 14.-29. mars og verður hún opin daglega frá kl. 14-22. Sýningin opnar á laugardag kl. 14.

Sú nýbreytni hefur átt sér stað á sýningarhaldi FÍM að nú verður sýnt að vorlagi í stað hinna árlegu Haustsýninga og er ætlunin að sýna annað hvert ár. Hefur sýningin hlotið nafnið Tvíæringur FÍM og mun væntanlega ganga undir þessu heiti í náinni framtíð.

Gallerí Svart á hvítu:

Sýning Sigurðar Guðmundssonar framlengd til miðvikudags

Nú stendur yfir í Gallerí Svart á hvítu við Óðinstorg sýning á verkum Sigurðar Guðmundssonar.

Sigurður er fæddur í Reykjavík 1942 og stundaði nám við Myndlista- og handiðaskóla Íslands 1960-63 en hélt þá til Hollands og var við nám í Academie 63 í Haarlem 1963-64 og við Ateliers 63 í Haarlem 1970-71.

Sigurður var einn af stofnendum Gallerí SÚM og Nýlistasafnsins. Hann hefur síðan 1970 verið búsettur í Hollandi. Hann hefur tekið þátt í miklum fjölda samsýninga og haldið einkasýningar víða um lönd.

Þetta er fyrsta einkasýning Sigurðar Guðmundssonar í Reykjavík síðan 1977. Í Gallerí Svart á hvítu sýnir hann grafík, vatnslitamyndir og eina höggmynd.

Sýningin hefur verið framlengd til miðvikudagsins 18. mars og er opin alla daga kl. 14-18.

Gallerí Borg:

Hringur Jóhannesson sýnir

Nú um helgina eru síðustu sýningardagar á sýningu Hnings Jóhannessonar í Gallerí Borg við Austurvöll.

Á sýningunni eru um fjörutíu verk; olíumálverk, teikningar, pastelmyndir og litríkarmyndir.

Sýningin er opin virka daga frá kl. 10-18 nema mánudaga kl. 12-18 og um helgar kl. 14-18. Sýningunni lýkur 17. mars.

Listasafn ASÍ:

Síðasta sýningarhelgi Ásgerðar Búadóttur

Ásgerður Búadóttir sýnir myndvefnað í Listasafni ASÍ við Grensásveg. Sýningunni lýkur á sunnudag.

Ásgerður hélt síðast einkasýningu á Kjarvalsstöðum 1984, en hefur hin síðari ár tekið þátt í ýmsum sýningum erlendis, svo sem Scandinavia Today, Borealis og sýningu í boði Kaupmannahafnarborgar ásamt Svavari Guðnasyni. Ásgerður hefur verið valin einn þeirra íslensku listamanna sem taka muni þátt í

norrænni list- og menningarkynningu í Japan í lok þessa árs.

Sýning Ásgerðar stendur til 15. mars og er opin daglega kl 14-18, nema á sunnudögum kl 14-22.

Norræna húsið:

Sjávarlandslag

Á sunnudaginn kl. 15 verður opnað sýning í Norræna húsinu og ber hún yfirskriftina Sjávarlandslag.

Hér eru á ferðinni málverk eftir tvo norska málara, Olav Strømme og Björn Tufta og skúlptúrar eftir Sigurð Guðmundsson.

Olav Strømme (1909-78) er af þeirri kynslóð norskra listamanna sem varð fyrir áhrifum af alþjóðlegum straumum í málalari um 1935, einkum surrealisma. Hann er nú viðurkenndur brautryðjandi nútíma-málaralistar þar í landi.

Björn Tufta er aftur á móti af yngstu kynslóð norskra listamanna. Hann kom fyrst fram á sýningu 1979 með stóra landslagsmynd. Björn Tufta hefur að mestu haldið sig við slíkar myndir en túlkað yrkisefnið á sinn eigin hátt. Myndir hans þykja minna á myndir Olav Strømme frá fimmta áratugnum og er fróðlegt að bera saman myndir þeirra á sýningunni.

Sigurður Guðmundsson hefur verið búsettur í Hollandi undanfarin ár en vakti hér fyrst athygli með SÚM-hópnum kringum 1970. Hann hefur fengist við margs konar listform, en á þessari sýningu eru sem fyrr segir eingöngu skúlptúrar eftir hann.

Gallerí Langbrók Textill:

Listmunir sýndir að staðaldri

Textílgalleríð Langbrók, Bókhlöðustíg 2, sýnir vefnað, taubrykk, myndverk, fatnað og fleiri listmuni. Opið þriðjudaga til föstudaga kl. 12-18 og laugardaga kl. 11-14.

Hallarsel

Sigurbjörn Eldon Logason sýnir

Sigurbjörn Eldon Logason sýnir nú í hinu nýja félagsheimili templara Hallarseli, en það er staðsett í vesturenda 3. hæðar í Parabakka 3 í Miðdöð Breiðholtiðshverfis.

Á sýningunni eru 20 vatnslitamyndir, 3 olíumyndir og ein gerð með blandaðri tækni. Sýningunni lýkur á sunnudagskvöld og er opin kl. 16-22 í dag föstudag og kl. 14-22 laugardag og sunnudag.

Nýlistasafnið:

Guðbergur Auðunsson sýnir

Á morgun, laugardag, kl. 14 opnar Guðbergur Auðunsson 8. einkasýningu sína í Nýlistasafninu, Vatnsstíg 3b.

Á sýningunni verða um tuttugu málverk unnin á síðstliðnum fjórum árum. Meginuppistaða sýningarinnar eru verk byggð á Íslendingasögum.

Sýningin er opin frá kl. 14-22 um helgar en 16-20 virka daga.

TÓNLIST

Árlegir tónleikar Háskólakórsins

Háskólakórinn heldur sína árlegu tónleika á sunnudags- og mánudagskvöld. Tónleikarnir á sunnudagskvöld verða í Langholtiðskirkju og á mánudagskvöld í Félagsstofnun stúdenta við Hringbraut. Báðir tónleikarnir hefjast kl. 20.30.

Efnisskrá tónleikanna samanstendur af innlendra sem erlendra tónlist yfir og gamalli. Hæst ber frumflutning tveggja íslenskra kórverka. Fyrst skal nefna nýtt verk eftir Hauk Tómasson við ljóð Hannesar Péturssonar „Haustnætur við sjó“. Verkið samdi Haukur sérstaklega fyrir Háskólakórinn á þessu ári. Einnig frumflytur kórinn „A Shepherds Carol“ eftir John Speight, við ljóð W.H. Auden.

Auk þessara tveggja nýju verka syngur kórinn lög eftir Árna Harðarson, stjórnanda kórsins, Jón